

Ed.

726. Frumvarp til laga

um smíði vélbáta.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal svo fljótt sem verða má kaupa inn efni og vélar í 50 vélbáta undir 50 rúmlesta stærð, — einkum þó af stærðinni 25—50 rúmlesta, — og láta smíða þá á reikning ríkissjóðs.

2. gr.

Ríkisstjórnin leitar samninga við skipasmíðastöðvar landsins um smíði þessara vélbáta, þannig að smíði þeirra verði lokið á árinu 1946.

Nái ríkisstjórnin ekki aðgengilegum samningum við nógu margar skipasmíðastöðvar, er henni heimilt að taka leigunámi það af skipasmíðastöðvunum, sem hún telur þurfa til að ljúka smíði bátanna fyrir tilskilinn tíma.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka innlent lán til þessara framkvæmda, allt að 10 millj. króna.

4. gr.

Vélbáta þá, sem þannig verða smíðaðir, skal selja á verði, er sé kaupendum ekki óhagstæðara en verðið á vélskipum þeim, sem fyrrverandi ríkisstjórn hefur samið um kaup á frá Svíþjóð.

5. gr.

Um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum nýtur ríkisstjórnin aðstoðar Nýbyggingarráðs, seni skal m. a. gera tillögur um stærð bátanna og um það, hverjum skuli selja þá.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samningum fyrrverandi ríkisstjórnar um að kaupa 45 fiskiskip frá Svíþjóð hefur verið stigið nokkurt skref af hálfu hins opinbera til lausnar því þýðingarmikla verkefni að endurnýja fiskiskipaflota Íslendinga. Frv. þetta miðar að auknum aðgerðum í því efni og felur í sér það tvennt: Nokkra endurnýjun landróðrabátanna upp að stærð Svíþjóðarskipanna og hins vegar, að innlendu skipasmíðastöðvunum verði fengið verkefni í hendur og stuðningi ríkisvaldsins beitt þannig, að kaupendur báta þeirra, sem þær smíða, þurfi ekki að sæta lakara verði en þeir, sem kaupa erlenda báta fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar.

Það er að vísu augljóst mál, að með þeim ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar og hér eru ráðgerðar, er ekki leyst nema að litlu leyti verkefnið að fá íslenskum sjómönnum í hendur þann veiðiflota, sem hæfir dugnaði þeirra og fylgir kröfum tímans um tækni og fljótverkustu veiðiaðferðir. Til þess þarf miklu stærra átak, sem vonandi verður gert mjög bráðlega. En þótt þróunin stefni að sjálfsgöðu að stórvirkari tækjum, höfum við samt reynslu af, að mjög samilegum árangri má ná af fiskveiðum á bátum af þeirri stærð, sem hér er talað um, einkum af stærðinni 30 til 40 rúmlesta, enda er hafnarskilyrðum víða í verstöðvum enn þá svo háttáð, að ekki er hægt að stunda þaðan veiðar nema á smáum bátum. Er því auðsætt, að enn um hríð verði að nota talsvert af bátum af þeirri stærð, sem frumv. fjallar um, og er sjálfsgagt, að innlendu skipasmíðastöðvarnar leysi það verkefni að smíða þá. Hins vegar virðist horfa svo, að innlendu skipasmíðastöðvarnar hafist lítið að um nýsmíðar báta, nema ríkisvaldið skerist í leikinn og gefi mönnum kost á að fá báta smíðaða hér fyrir sama verð og þeir eru fánlegir fyrir erlendis frá. Hafa verið uppi ýmsar raddir um að lækka verð báta, smíðaðra hér, með því, að ríkið gæfi eftir tolla á efnivörum til þeirra og gerði ráðstafanir gegn óeðlilegri verzlunarálagningu á efni og vinnu við smíði bátanna og greiddi síðan styrk til að jafna þann mun, sem enn yrði á verði þeirra og erlendra báta. Ýmsir vafningar mundu verða í framkvæmd slíkra aðgerða og mistök og linkind ekki útilokuð, svo sem verið hefur í þeim efnum. Hitt er miklu einfaldara, sem hér er stungið upp á, þ. e., að ríkið annist bæði efniskaup og smíði bátanna og selji þá við tilskyldu verði. Mismunur þess söluverðs og kostnaðarverðs bátanna er þá styrkur úr ríkissjóði, en án slíks styrks eru ekki horfur á, að bátar verði smíðaðir hér um sinn, svo að nokkru nemi.

Ef gert er ráð fyrir, að meðalstærð bátanna yrði 35 rúmlestir, yrði samanlögð rúmlestatala þeirra 1750. Landsamband iðnaðarmanna telur, að í landinu séu 16 skipasmíðastöðvar, sem geti annazt nýsmíði vélbáta samhliða viðgerðum og afkastað 1650 smálestum að meðaltali á ári. Ættu því ekki að verða tormeðki á að fá þessa báta smíðaða fyrir árslok 1946, jafnvel þó að nokkuð drægist fram á næsta ár að fá innflutt efni til þeirra.

Ekki verður sagt með neinni vissu, hversu halli ríkissjóðs af framkvæmd þessari, — þ. e. a. s. styrkur sá, sem hann raunverulega veitti til bátakaupanna, — yrði mikill, en telja má líklegt, að hann færi naumast fram úr 1000 krónum á rúmlest eða samtals $1\frac{1}{2}$ til $1\frac{3}{4}$ millj. króna. Er naumast ástæða til að láta sér þá upphæð í augum vaxa, þegar með henni er lagður grundvöllur að lífvænlegri atvinnu töluverðs fjölda manna og öflun mikilla útflutningsverðmæta.